

**LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU SAMTÖLUBLAÐS SEM
BARNAVERNDARNEFNDUM BER AÐ FYLLA ÚT VEGNA STARFA SINNA
FYRIR ÁRIÐ 2022.**

Sp. 2

Heildarfjöldi fjölskyldna, heildarfjöldi barna og heildarfjöldi þungaðra kvenna

Hér ber að tiltaka heildarfjölda fjölskyldna, heildarfjölda barna og heildarfjölda ófæddra barna sem höfð voru afskipti af á árinu. EKKI á að telja þau tilvik þar sem tilkynning barst og tekin var ákvörðun um að hefja ekki könnun, heldur eingöngu þau mál sem könnuð voru eða veittur var stuðningur á grundvelli barnaverndarlaga á árinu.

Ef fleiri en eitt barn í fjölskyldu er til könnunar eða meðferðar þá er fjölskyldan talin einu sinni, en hvert barn er talið sérstaklega. Heildarfjöldi barna getur því verið hærri en heildarfjöldi fjölskyldna.

Ef mál ófædds barns er til könnunar eða meðferðar er það talið sérstaklega. Ef málið er enn til könnunar eða meðferðar þegar barn fæðist þá er opnað nýtt mál á barnið og mál þunguðu konunnar lokað.

EKKI á að telja mál sem bvn. fjallaði um á grundvelli annarra laga, svo sem ættleiðingarlaga.

- Í lið a ber að tiltaka heildarfjölda fjölskyldna, heildarfjölda barna og heildarfjölda ófæddra barna sem könnuð voru eða veittur var stuðningur á árinu 2022.
- Í lið b ber að tiltaka heildarfjölda fjölskyldna, heildarfjölda barna og heildarfjölda ófæddra barna þar sem könnun og málsmeðferð hófst á árinu 2022 (ný mál á árinu 2022)
- Í lið c ber að tiltaka heildarfjölda fjölskyldna, heildarfjölda barna og heildarfjölda ófæddra barna þar sem könnun og málsmeðferð hófst fyrr en á árinu 2022, þ.e. mál sem hófust fyrr og voru enn til umfjöllunar (opin mál) á árinu 2022.
- Í lið d ber að tiltaka heildarfjölda fjölskyldna, heildarfjölda barna og heildarfjölda ófæddra barna sem koma bæði fyrir í lið b og lið c. Það getur átt við í þeim tilvikum þar sem mál frá fyrra ári er lokað á árinu, síðan berst tilkynning og ákveðið að opna málið á ný með könnun á árinu. Einnig ef um er að ræða mál sem er opið frá fyrra ári og ný tilkynning berst sem gefur tilefni til þess að hefja könnun á málinu.

Þær samtölur sem fást úr lið b og c eiga að vera þær sömu og þær tölur sem gefnar eru upp í lið a að frádregnum fjöldi í d lið ef einhver mál eru skráð þar ($A = B + C - D$).

Tilkynningar	
Sp. 3 a	<p><u>Heildarfjöldi tilkynninga</u></p> <p>Átt er við heildarfjölda tilkynninga á árinu 2022 óháð fjölda barna/ófæddra barna (þ.e. ef tilkynnt er oftast en einu sinni um sama barnið/sömu konuna). Hér er átt við allar tilkynningar, þar með talið frá lögreglu vegna útivistarbrota, eða þar sem nafnleyndar er óskað. Hér skal þó ekki telja tilkynningar sem fyrir mistök berast til rangrar barnaverndarnefndar. Hér skal heldur ekki skrá ef barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um að hefja könnun á grundvelli 21. gr. barnaverndarlaga <u>á grundvelli annarra upplýsinga en tilkynninga</u>, það skal skrá í sp. 7.</p> <p>Hér skal flokka tilkynningar eftir kyni og hvort tilkynning berst um ófætt barn. Samtalan úr lið 0.1, 0.2 og 0.3 á að stemma við heildarfjölda tilkynninga í lið a.</p> <p>Dæmi 1: Ef ein tilkynning berst um þrjú börn skal telja það sem þrjár tilkynningar.</p> <p>Dæmi 2: Ef fleiri en ein tilkynning berst um sama barnið skal telja hverja fyrir sig. Ef fjórar tilkynningar berast um eitt barn þá skal telja þær sem fjórar.</p>
Sp. 3 b	<p><u>Hver var tilkynnandinn</u></p> <p>Óskað er eftir upplýsingum um tilkynnendur. Athugið að tölurnar í lið b eiga að vera með sömu samtölu og talan sem gefin er upp í lið a heildarfjölda tilkynninga (A= samtala B).</p>
Sp. 3 b liður 04	<p><u>Önnur barnaverndarnefnd</u></p> <p>Átt er við tilkynningar frá nefndarmönnum eða starfsmönnum barnaverndarnefndar í öðru sveitarfélagi. Á ekki við um þegar mál eru flutt milli nefnda.</p>
Sp. 3 b liður 05	<p><u>Þjónustumiðstöðvar/ Félagsþjónusta</u></p> <p>Átt er við starfsmenn félagsþjónustu eða stofnana á þeirra vegum sem ekki eru starfsmenn barnaverndarnefndar.</p>
Sp. 3 c	<p><u>Hve oft var nafnleyndar óskað?</u></p> <p>Óskað er eftir upplýsingum um fjölda tilkynninga þar sem nafnleyndar var óskað. Hér er verið að vísa í þann sem er að tilkynna, óháð fjölda barna (þ.e. miða skal við hverja tilkynningu).</p>
Sp. 4	<p><u>Ástæður í tilkynningum</u></p> <p>Tilgreina skal ástæðu tilkynninga til barnaverndarnefndar. EKKI er heimilt að merkja við fleira en eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Verið er að tala um fjölda tilkynninga, óháð fjölda barna. Samtalan úr lið a,b,c og d (aðalástæður fyrir hverja tilkynningu) á að stemma við heildarfjölda tilkynninga í sp. 3a.</p>
Sp. 4 liður d	<p><u>Heilsa eða líf ófædds barns í hættu</u></p> <p>Átt er við ef tilkynning berst um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefna.</p>

Sp. 5	<p><u>Heildarfjöldi barna/þungaðra kvenna sem tilkynnt var um</u></p> <p>Tilgreina skal heildarfjölda barna/þungaðra kvenna sem tilkynningar taka til, óháð fjölda tilkynninga. Minnt er á að tilkynning getur tekið til fleiri barna (ef tilkynnt er um tvö börn eru það tvær tilkynningar sbr. sp 3 a). Einnig geta borist fleiri en ein tilkynning um sama barnið. Hér skal flokka heildarfjölda barna eftir kyni.</p>
Könnun	
Sp. 6-7	<p><u>Könnun</u></p> <p>Samkvæmt 21. gr. bvl. skal bvn. í hverju tilviki taka ákvörðun um hvort hefja skuli könnun eða ekki. Slíka ákvörðun verður að taka innan 7 daga frá því að bvn. berst tilkynning eða hún fær upplýsingar með öðrum hætti. Ef barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um að hefja könnun út frá upplýsingum sem hún fær með öðrum hætti er það skráð í sp. 7.</p> <p>Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki taka nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til þess. Ástæða þykir til að vitna hér í aths. með 21. gr. úr greinargerð með frumvarpi til bvl., en þar segir m.a.:</p> <p style="padding-left: 40px;">„... gerður er skýr greinarmunur á athugun sem er undanfari ákvörðunar um könnun ... annars vegar og sjálfri könnuninni hins vegar.“ „Ákvörðun um að hefja könnun verður fyrst og fremst að taka á grundvelli innihalds tilkynningar.“ „Nefndinni er heimilt að ræða frekar við tilkynnanda sjálfan til þess að treysta grundvöll undir ákvörðun sinni. Þá verður að gera ráð fyrir að nefndin geti skoðað eldri tilkynningar og mál sem varða sömu aðila ef því er að skipta. Á hinn bóginn er nefndinni ekki heimilt að afla sér sérstakra gagna, ræða við aðra en tilkynnanda eða halda uppi fyrirspurnum um barn, fjölskyldu þess eða heimili áður en ákvörðun er tekin um könnun máls...“</p> <p>Athugið að hér skal greina frá heildarfjölda barna. Bvn. þarf að taka ákvörðun skv. 21. gr. um hvert barn fyrir sig.</p>
Sp.6	<p><u>Könnun vegna tilkynninga, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)</u></p> <p>Hér á samtalan úr lið A og C í sp. 6 að stemma við heildarfjölda barna/þungaðra kvenna í sp. 5.</p> <p>Sp. 6 a</p> <p>Átt er við samanlagðan heildarfjölda barna/þungaðra kvenna þar sem ákvörðun var tekin um að hefja könnun <u>vegna tilkynninga</u>, mál var þegar í könnun eða til meðferðar (opið mál), af þeim börnum/ófæddu börnum sem tilkynnt var um á árinu og koma fram í sp. 5. Hér er lagður saman fjöldi barna/ófæddra barna þar sem tilkynning barst í opið mál og fjöldi barna/ófæddra barna þar sem ákveðið var að hefja könnun. Ef fleiri en ein tilkynning berst á árinu um sama barnið þá er það skráð hér ef einhver tilkynning hefur leitt til þess að ákveðið var að hefja könnun á árinu.</p> <p>Dæmi 1: Inn berast 5 tilkynningar um 1 barn og tekin ákvörðun um að hefja könnun – þá ber að telja fjölda barna en ekki fjölda tilkynninga. Því er hér fjöldi sama og 1.</p> <p>Dæmi 2: Einn tilkynnandi nefnir 3 börn – hér ber aftur að telja fjölda barna en ekki fjölda tilkynninga. Hér er því fjöldi barna sama og 3.</p>
Sp. 6b.	<p>Hér skal telja heildarfjölda barna/ófæddra barna þar sem tekin var ákvörðun um að hefja könnun <u>vegna tilkynninga, af þeim sem skráð eru í sp. 6a</u>. Könnun hefst um leið og ákvörðunin um að hefja könnun er tekin. Ef fleiri en ein tilkynning berast um sama barnið og í einhverju tilviki er ákveðið að hefja könnun skal skrá það hér.</p>

Sp. 6 c	<p><u>Ákvörðun um að hefja ekki könnun vegna tilkynninga</u></p> <p>Átt er við heildarfjölda barna/ófæddra barna þar sem ákveðið var að hefja EKKI könnun <u>vegna tilkynninga</u> (af þeim börnum/þunguðu konum sem tilgreint var um í spurningu 5).</p> <p><u>Dæmi: Margar tilkynningar berast um eitt barn. Ef ákv. er að hefja könnun í máli barnsins á árinu er barnið skráð í 6a og 6b, en ekki líka í 6c þrátt fyrir að fleiri tilkynningar hafi borist þar sem ekki var ákv. að hefja könnun. Aðeins er verið að skrá eina færslu fyrir hvert barn og í c lið eru því einungis skráð börn sem tilkynnt var um á árinu og átti hvorki opið mál eða ákveðið var að hefja könnun í máli þeirra (ekki var stofna barnaverndarmál á árinu).</u></p>
Sp.6 c.1	<p><u>Þar af vegna tilkynninga frá lögreglu</u></p> <p>Greina skal frá heildarfjölda barna/ófæddra barna þar sem ákveðið var að hefja EKKI könnun vegna <u>tilkynninga frá lögreglu</u> (af þeim börnum/þunguðu konum sem tilgreint var um í spurningu 6c). Hér er því einungis átt við tilkynningar sem koma frá lögreglu en ekki frá öðrum.</p>
Sp. 7	<p><u>Ákvörðun um að hefja könnun á grundvelli annarra upplýsinga en tilkynninga.</u></p> <p>Óskað er eftir heildarfjölda barna/ófæddra barna þar sem ákveðið var að hefja könnun á grundvelli annarra upplýsinga, EKKI vegna tilkynningar.</p> <p>Dæmi: Inn berst tilkynning um barnið A. Bvn hefur upplýsingar um að barnið eigi B yngra og C eldra systkini. Talin er ástæða til að kanna mál A og B en ekki C. Þá fara fram 2 kannanir, ein á grundvelli tilkynningar og önnur á grundvelli annarra upplýsinga þar sem tilkynningin er um barn A.</p>
Sp. 8	<p><u>Í málum hve margra barna var rætt við barnið við könnun máls?</u></p> <p>Hér er átt við allar nýjar kannanir á árinu, þær sem koma fram í sp. 6b og í sp. 7.</p>
Ráðstafanir og úrræði	
Sp. 9	<p><u>Samtalan úr lið 9a og lið 9b á að stemma við heildarfjölda nýrra kannana á árinu sem er samtalan úr lið 6b og sp. 7, nema niðurstaða könnunar liggja ekki fyrir.</u></p>
Sp. 9 a	<p><u>Ekki talin þörf á ráðstöfunum og úrræðum</u></p> <p>Samkvæmt 23. gr. bvl. skal bvn. taka saman greinargerð þegar mál hefur verið nægjanlega kannað þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum.</p> <p>Hér skal geta heildarfjölda barna/ófæddra barna þegar niðurstaða greinargerðar var sú að frekari afskipta bvn. þótti ekki þörf að lokinni könnun.</p>
Sp. 9 b	<p><u>Talin þörf á ráðstöfunum og úrræðum og ástæður afskipta</u></p> <p>Hér skal geta heildarfjölda barna/þungaðra kvenna þegar niðurstaða greinargerðar var sú að frekari afskipta bvn./þótti þörf að lokinni könnun og helstu ástæðum þess. Heimilt er að merkja við fleiri en eina ástæðu hjá hverju barni/þungaðri konu. Einnig má tilgreina niðurstöður úr fleiri en einni könnun hjá barni/ófæddu barni, ef ákvörðun var tekin um að kanna málið oft en einu sinni á árinu.</p>

Sp. 10	<p><u>Skriflegar áætlanir</u></p> <p>Átt er við heildarfjölda barna/ófæddra barna, en EKKI heildarfjölda áætlana. <u>Hér er einnig átt við áætlanir sem gerðar eru á árinu í eldri málum.</u></p> <p>Athugið að áætlanir geta að jafnaði aldrei orðið færri en börnin/ófæddu börnin þar sem gera þarf skriflega áætlun í máli hvers barns þegar þörf er talin fyrir afskipti (undantekning ef niðurstaða könnunar liggur ekki fyrir í lok árs).</p>
Sp.11 a	<p><u>Stuðningsúrræðum beitt án töku barns af heimili með samþykki foreldra og barns eftir atvikum</u></p> <p>Spurt er um heildarfjölda barna/ófæddra barna þar sem stuðningsúrræði voru notuð, EKKI um fjölda skipta sem úrræðum var beitt í hverju máli.</p> <p>Ath. að undir þennan lið falla stuðningsúrræði sem beitt var án töku barns af heimili á grundvelli 24. gr. laga nr. 80/2002.</p>
Sp.11 b liður 01	<p><u>Foreldrum leiðbeint</u></p> <p>Í a lið 24. gr. bvl. er átt við almenna ráðgjöf sem fulltrúar eða starfsmenn bvn. veita með reglubundnum hætti skv. áætlun í barnaverndarmáli. Hér getur verið um að ræða fasta starfsmenn bvn. eða starfsmann sem ráðinn er í tiltekið verkefni. Gera verður greinarmun á þessari ráðgjöf og þeim tilvikum þegar foreldri fær aðstoð við að leita sér stuðnings/ráðgjafar/meðferðar hjá sérfræðingi sem ekki er starfsmaður bvn. Þau tilvik falla undir lið 05 eða 06 eftir atvikum.</p>
Sp.11 b liður 03	<p><u>Viðeigandi stuðningur þar með talið sumardvöl, Barnahús og MST</u></p> <p>Undir þennan lið fellur m.a. sumardvöl fyrir barn á vegum bvn, Barnahúss og MST. Einnig felur undir þennan lið ráðgjöf eða meðferð barna sem urðu fyrir áreitni eða ofbeldi, og veitt var á grundvelli 24. gr. laga nr. 80/2002.</p>
Sp. 12	<p><u>Stuðningsúrræðum beitt utan heimilis barns með samþykki foreldra og barns eftir atvikum</u></p> <p>Spurt er um samþykki foreldra og barna sem náð hafa 15 ára aldri. Börn sem eru yngri þurfa ekki að veita samþykki sitt fyrir ráðstöfunum sem falla undir þennan lið. Athugið að spurt er um heildarfjölda barna ekki fjölda skipta sem úrræðum var beitt á árinu í hverju máli. Sama barnið getur farið í fleiri en eitt úrræði t.d. á vistheimili og í fóstur.</p> <p>Ath. að undir þennan lið falla vistanir barna utan heimilis með samþykki, í úrræði á ábyrgð sveitarfélaga, úrræði á ábyrgð ríkisins og í fóstur á grundvelli 25. gr. laga nr. 80/2002.</p>
Sp. 12b liður 01	<p>Með vistheimili er átt við t.d. vistheimili barna og vistheimilið Hamarskoti</p>
Sp. 12b liður 02	<p>Með sambylí/fjölskylduheimili er átt við t.d. tilsjónarsambylí fyrir unglunga og fjölskylduheimili.</p>

Sp. 12b liður 03	Með einkaheimili er átt við heimili þar sem samningur hefur verið gerður um að taka við börnum og starfrækt er allt árið um kring.
Sp. 12b liður 04	Önnur úrræði skv. 84. grein, svo sem tímabundin vistun fyrir tiltekið barn hjá ættingjum eða öðrum.
Sp. 12e	Merkja skal við eina aðalástæðu þess að barn var vistað utan heimilis 1, 2, 3, eða 4, en merkja má við fleiri en eina undirástæðu. Ef helsta ástæða vistunar var vanræksla eða ofbeldi (liður 1 eða liður 2) skal einnig fylla inn frekari upplýsingar um vanda foreldra. Samtalan úr lið 1+2+3+4 á að stemma við heildarfjölda barna í a lið spurningar 12.
Sp. 13	<u>Þvingunarúrræðum beitt án töku barns af heimili</u> Ath. að spurt er um heildarfjölda barna þar sem bvn. hefur kveðið upp úrskurð um þvingunarúrræði skv. 26. gr. bvl. Ath. undir þennan lið falla úrskurðir bvn. á grundvelli 26. gr. laga nr. 80/2002.
Sp.14- 15	<u>Þvingunarúrræði beitt með töku barns af heimili</u> Ath. að átt er við heildarfjölda barna ekki fjölda skipta sem úrræðum var beitt. Þannig getur verið gripið til fleiri en eins úrræðis í einu í máli tiltekens barns á árinu. Dæmi 1: Bvn. úrskurðar um töku barns af heimili í tvo mánuði í febrúar - barnið fer heim að lokinni dvöl en bvn. kveður upp nýjan úrskurð í október. Dæmi 2: Bvn. úrskurðar um töku barns af heimili í tvo mánuði - leitar til dómstóls sem úrskurðar um vistun barnsins í allt að 12 mánuði. Ath. undir þennan lið falla úrskurðir bvn. á grundvelli 27. gr. og úrskurði dómstóla á grundvelli 28. gr. laga nr. 80/2002. Merkja skal við eina aðalástæðu þess að barn var vistað utan heimilis 1, 2, 3, eða 4, en merkja má við fleiri en eina undirástæðu. Ef helsta ástæða vistunar var vanræksla eða ofbeldi (liður 1 eða liður 2) skal einnig fylla inn frekari upplýsingar um vanda foreldra. Samtalan úr lið 1+2+3+4 á að stemma við heildarfjölda barna í a lið spurningarinnar.
Sp.14- 15 liður 04	<u>Fóstur</u> Um fóstur er að ræða þegar barnaverndarnefnd felur fósturforeldrum forsjárskyldur barns í 3 mánuði eða lengur. Ástæður þess geta verið margvíslegar. Þær fósturráðstafanir sem um getur verið að ræða eru varanlegt fóstur, tímabundið fóstur og styrkt fóstur.
Sp. 16	<u>Hvaða aðili samþykkir ekki ráðstöfun</u> Árétta ber að einungis börn <u>15 ára og eldri</u> eiga aðild að máli og afstaða þeirra getur ráðið úrslitum um hvort litið er á ráðstöfun sem stuðningsúrræði skv. 25. gr. eða þvingunarúrræði skv. 27. eða 28. gr. Í þessari spurningu er því einungis verið að skoða hvaða aðili (foreldri og/eða barn 15 ára og eldra) neitaði að samþykkja ráðstöfun og olli því að beitt var þvingunarúrræði um vistun utan heimilis. Hér er ekki verið að spyrja um afstöðu yngri barna til ráðstöfunar. Þessi spurning vísar í heildarfjölda barna þar sem beitt var þvingunarrúrræði sbr. spurningu 14-15.

Sp. 17	<u>Krafa fyrir dómi um sviptingu forsjár</u>
Sp. 17 a	Hér er spurt um heildarfjölda þeirra barna sem í hlut áttu og heildarfjölda fjölskyldna . Hér er því ekki verið að biðja um fjölda dómsmála . Krafa um sviptingu skal aðeins skrá á það ár þar sem upphafleg krafa var gerð (það ár sem nefndin ákveður að höfða dómsmál). Ef dómur fellur í héraði eða á æðra dómstigi á árinu á eftir á ekki að telja barnið með á því ári.
Sp. 17 b	Hér skal skrá niðurstöðu úr þeim málum gerð var krafa um á árinu 2022 auk þeirra mála þar sem niðurstaða lá ekki fyrir á árinu 2021. Einungis skal skrá endanleg niðurstöðu dóma þ.e. ef máli er áfrýjað til æðri dómstóls skal ekki skrá niðurstöðu héraðsdóm heldur að niðurstaða sé ekki komin. Heildarfjöldi hér skal stemma við fjölda krafna á árinu 2022 auk krafna þar sem niðurstaða lá ekki fyrir á árinu 2021.
Sp. 17f	Einnig er óskað eftir bakgrunnsupplýsingum varðandi hvert barn. Merkja skal við eina aðalástæðu þess að barnaverndarnefnd gerði kröfu fyrir dómi um sviptingu forsjár, 1, 2, 3, eða 4, en merkja má við fleiri en eina undirástæðu. Ef helsta ástæða var vanræksla eða ofbeldi (liður 1 eða liður 2) skal einnig fylla inn frekari upplýsingar um vanda foreldra. Samtalan úr lið 1+2+3+4 á að stemma við heildarfjölda barna í a lið spurningarinnar.
Sp. 18	<u>Krafa fyrir dómi um endurskoðun ráðstöfunar</u> Foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri getur óskað endurskoðunar á ráðstöfun sem ætlað er að vara þar til barn verður lögráða. Ef bvn. telur ekki ástæðu til að breyta ráðstöfun þá getur aðili gert kröfu fyrir dómi. Ath. að spurt er um heildarfjölda barna .
Sp. 19	<u>Neyðarráðstafanir</u>
Sp.19. a	Spurt er um neyðarráðstafanir bvn., þ.e. ráðstafanir sem framkvæmdar eru án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla bvl. Á þetta helst við þegar um er að ræða töku barns af heimili eða kyrrsetningu þess sem gerast verður tafarlaust, þá með velferð barnsins í huga.
Sp. 19.b	Hér skal tilgreina fjölda neyðarráðstafana á börnum vegna lokaðrar deildar Stuðla (neyðarvistunar) Ath. að undir þennan lið falla neyðarráðstafanir bvn. á grundvelli 31. gr. laga nr. 80/2002.
Sp.20.a	<u>Talsmaður</u> (skv. 46. gr. bvl). Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28 gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns sbr. 2. mgr. 47. gr.

Sp.20.b	<p><u>Fjárstyrkur</u></p> <p>Hér er spurt um heildarfjölda foreldra, heildarfjölda barna og heildarfjölda þungaðra kvenna þar sem barnaverndarnefnd veitti fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð (skv. 47. gr. bvl).</p> <p>Börn 15 ára og eldri sem eru aðilar að barnaverndarmáli eiga sama rétt og foreldrar til fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð. Hér er spurt um í málum hve margra barna/mála veitti bvn. <u>foreldrum</u> fjárstyrk, ekki hve mörgum foreldrum.</p>
Fóstur	
Sp. 21	<p><u>Fjöldi barna sem fóru í fóstur á árinu</u></p> <p>Beðið er um heildarfjölda þeirra barna sem <u>fóru í fóstur</u> á árinu 2022. Hér er eingöngu átt við <u>ráðstafanir á árinu 2022</u> í varanlegt, tímabundið og styrkt fóstur. Einnig er spurt um heildarfjölda barna þar sem tímabundið fóstur breytist í varanlegt fóstur á árinu 2022. Athugið að spurt er um heildarfjölda barna ekki fjölda skipta sem barnið fór í fóstur. Sama barni getur verið ráðstafað oft en einu sinni í fóstur á árinu.</p>
Sp. 22	<p><u>Fjöldi barna í fóstri</u></p> <p>Beðið er um heildarfjölda barna sem <u>voru í fóstri</u> í lok ársins 2022. Ekki ráðstafanir á árinu, heldur heildarfjölda barna sem voru við árslok, hvort sem þau fóru í fóstur á árinu 2022 eða fyrr. Hér eru ekki talin með börn sem fóru í fóstur á árinu 2022 og voru ekki við árslok.</p>
Sp. 23	<p><u>Hve mörg börn voru heimsótt á fósturheimili á árinu</u></p> <p>Átt er við hversu mörg börn voru heimsótt á árinu 2022, ekki hversu oft þau voru heimsótt. Ekki skiptir því máli hvort barn var heimsótt oft en einu sinni á árinu.</p>
Sp. 24	<p><u>Úrskurður um umgengni vegna barns í fóstri</u></p> <p>Hér er beðið um heildarfjölda barna. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.</p>
Sp. 25	<p>Hér skal skrá fjölda einstaklinga sem var vistaður utan heimilis, börn sem koma fram í sp. 12, 14, 15 og 17. Fjöldi barna hér er mögulega lægri en samanlagður fjöldi barna í þessum spurningum þar sem sama barnið gæti hafa verið vistað í fleiri en einu úrræði á árinu.</p>
Heimili eða stofnanir	
Sp.26 a	<p><u>Stuðningsfjölskylda</u></p> <p>Barni, sem vistað er á heimili eða stofnun, skal fundin stuðningsfjölskylda ef foreldrar hafa afsalað sér eða misst forsjá yfir barninu og vistun er ætlað að vara lengur en 2 mánuði. Hér er verið að spyrja um heildarfjölda barna.</p>

Aðrar ráðstafanir	
Sp. 27 a	<p><u>Úrræði barnaverndarnefnda vegna þungaðra kvenna.</u></p> <p>Hér skal geta til um þau úrræði sem barnaverndarnefnd greip til í málum þungaðra kvenna sbr. 30. gr. bvl.</p>
Sp.27 c	<p><u>Ábendingar um atferli</u></p> <p>Ef bvn. fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin, ef hún telur tilefni til, hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 35. gr.</p> <p>Hér er spurt um fjölda ábendinga, ekki fjölda barna.</p>
Sp. 28 a	<p><u>Foreldrar fela öðrum daglega umönnun og uppeldi</u></p> <p>Hér er ekki um að ræða vistun á vegum bvn. Skv. 90. gr. bvl. geta foreldrar falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns en ber að tilkynna það bvn. ef dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði hjá vandalausum eða 12 mánuði hjá vandamönnum. Bvn. ber að kanna þörf foreldra fyrir stuðning sem gæti gert þeim kleift að annast barnið og kanna hvort hagsmunum barns og þörfum sé fullnægt á nýjum dvalarstað.</p> <p>Ath. að undir þennan lið falla ráðstafanir foreldra á grundvelli 90. gr. laga nr. 80/2002.</p>
Sp. 28 b	<p>Í málum hve margra barna fólu foreldrar barnaverndarnefnd forsjá (skv. 25. gr. bvl.), hér er átt við þegar barnaverndarnefnd tekur við forsjá með samþykki foreldris og barns.</p>
Leyfisveitingar	
Sp.29	<p><u>Sumardvöl á vegum bvn.</u></p> <p>Þeir sem óska eftir því að taka barn á vegum barnaverndarnefndar til dvalar á einkaheimili í allt að þrjá mánuði yfir sumartímann skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi (skv. 86. gr. bvl). Spurt er um leyfisveitingar á árinu 2022, bæði um ný og endurnýjuð leyfi.</p> <p>Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um þá sem fengið hafa leyfi.</p>

Bakgrunnsupplýsingar	
Sp. 30-32	<p><u>Ýmsar bakgrunnsupplýsingar</u></p> <p>Beðið er um eftirfarandi bakgrunnsupplýsingar hvers barns:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hver var helsta tekjulind foreldra? • Hvar bjuggu börnin sem voru til meðferðar hjá bvn.? (<u>Samtalan hér á að stemma við heildarfjölda barna í sp. 2a).</u> • Hver var aldur og kyn þeirra barna sem fjallað var um á grundvelli bvl. (<u>Samtalan hér á að stemma við heildarfjölda barna í sp. 2a).</u>
Sp. 33	<p><u>Uppruni barns</u></p> <p>Beðið er um upplýsingar um uppruna barna sem fjallað var um. Átt er við heildarfjölda barna af íslenskum uppruna og heildarfjölda barna af erlendum uppruna þ.e. barn sem á a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna eða á annað fyrsta móðurmál en íslensku. (<u>Samtalan hér á að stemma við heildarfjölda barna í sp. 2a).</u></p>
Sp.33 2.1	<p>Með vegalausum börnum er hér átt við erlend börn sem eru ein sín liðs og óska eftir hæli hér á landi, koma með forsjáradílum sem grunur er að ekki séu forsjáradilar þeirra, grunur er um mansal eða finnast hér óskráð.</p>
Stafshættir nefnda	
Sp. 35	<p><u>Hver var staða máls við árslok 2022.</u></p> <p>(<u>Samtalan hér á að stemma við samanlagðan heildarfjölda barna og heildarfjölda þungaðra kvenna í sp. 2a).</u></p>
Sp. 36	<p><u>Mál hve margra barna voru lögð fyrir félagsmála-/barnaverndarnefnd á árinu 2022</u></p> <p>Hér er spurt um heildarfjölda barna, ekki hve oft mál voru lögð fyrir.</p>
Sp. 38	<p><u>Starfsmenn og stöðugildi í bvn.</u></p> <p>Hér er spurt um annars vegar fjölda starfsmanna í barnavernd og hins vegar um stöðugildi. Þar sem flestar barnaverndarnefndir sinna fleiri verkefnum en barnavernd þarf að áætla það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar. Miða skal við stöðuna við árslok 2022.</p>
Hlutverk bvn. ættleiðingarlögum	
Sp. 39	<p><u>Ættleiðingarlög</u></p> <p>Spurt er um fjölda beiðna um gerð umsagnar vegna ættleiðingarmála og niðurstöður.</p>

	Eftirlit
Sp.40 a	<p><u>Eftirlit þar sem Barnaverndarstofa hefur veitt aðilum leyfi (t.d. sumarbúðir).</u></p> <p>Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með heimilum í umdæminu sem starfa samkvæmt leyfi Barnaverndarstofu. Bvn. er beðin um að tilgreina það eftirlit sem fram fór á hennar vegum á árinu.</p>
Sp.40 b	<p><u>Eftirlit með sýningum og skemmtunum.</u></p> <p>Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Bvn. er beðin um að tilgreina það eftirlit sem fram fór á hennar vegum á árinu.</p>
	Annað starf bvn.
Sp. 41-42	<p>Bvn. er beðin um að tilgreina nánar um störf almenns eðlis sem fóru fram á hennar vegum á árinu.</p>

BREYTING FRÁ FYRRA ÁRI:

Kynjaskráning barna og fullorðinna sem ekki falla undir kynjatvíhyggju hefur breyst. Nú skal skrá kyn barna á eftirfarandi hátt: drengir – stúlkur – stálp. Stálp er kynskráning barna sem falla ekki undir kynjatvíhyggju, sem áður var skráð undir *annað*. Hið sama á við um fullorðna einstaklinga (spurning 27 c. og d. og spurning 38) þar sem kynjaskráning er eftirfarandi: karl – kona – kvár.

Athugið að með stálpi og kvár er ekki átt við trans einstaklinga. Trans stúlkur/konur falla undir flokkinn stúlkur/konur og trans drengir/karlar falla undir flokkinn drengir/karlar.